

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 -108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0004

Dags. 15.10.2014

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 4. mál á 144. löggjafarþingi
Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir (EES-reglur)

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 46/2005 um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir

Frumvarpið sem hér um ræðir fjallar um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, og breytingu á lögum þar að lútandi sem fela meðal annars í sér heimildir fyrir fjármálafyrirtæki til að veðsetja tiltekna eignir sínar, þar á meðal fjármálagerninga af ýmsu tagi. Til skýringar er hér um að ræða framsal eða óbeint framsal skuldaskjala og annara pappíra, þar á meðal með veðsetningu þeirra til þriðja aðila. Markmið fjármálafyrirtækja með slíkri veðsetningu er oftast sá að leggja til tryggingar fyrir lántöku, það er að segja að afla viðkomandi fjármálafyrirtæki lánsfjár og auka skuldsetningu þess.

Viðskipti sem þessi eru svipaðs eðlis og gjörningar sem hafa stundum verið kallaðir í daglegu tali “ástarbréfavíðskipti”. Hugtakið vísar til þess að með slíkum gjörningum eru fjármálafyrirtæki í raun og veru að taka lán frá hvoru öðru gegn veði í eignum hvors annars, og mynda þannig náin tengsl sín á milli. Slík viðskipti fara einnig fram með útgáfu svokallaðra sértryggðra skuldabréfavafninga, en eins og þekkt er voru það einmitt slíkir gjörningar sem eru taldir hafa verið ein af meginorsökum svokallaðrar undirmáslánakreppu sem hófst árið 2007 vestan hafs og leiddi til hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu sem hafði í för með algjört hrun íslenska fjármálakerfisins haustið 2008.

Meðal þess sem olli verulegum skaða fyrir íslenskt samfélag í fjármálahruninu, voru ýmis viðskipti af svipuðum toga og hér um ræðir, það er að segja skuldabréfavafningar og millibankalán tryggð með slíkum hætti. Reyndar hefur verið talið að umtalsverðan hluta þess heildartjóns sem féll í hlut ríkissjóðs og þar með skattgreiðenda vegna hrunsins, megi rekja til slíkra viðskipta og gríðarlegra krosseignatengsla sem höfðu skapast vegna þeirra. Þess vegna vekur það verulega undrun að nú aðeins 6 árum eftir stærsta efnahagsáfall lýðveldissögunnar og þriðja stærsta gjaldþrot í hagsögu heimsins, skuli koma fram frumvarp sem felur í sér rýmkaðar heimildir til slíkra viðskipta!

Bankar eru fyrirtæki sem njóta ákveðinnar sérstöðu þar sem eðli þeirrar starfsemi sem þeir stunda er í eðli sínu gjörólíkt rekstri venjulegra fyrirtækja. Efnahagsreikningur banka samanstendur annars vegar af eignum sem eru aðallega útlán til viðskiptavina eða annarra fjármálastofnana, og skuldum hinsvegar sem eru aðallega innstæður þ.e. inneignir viðskiptavina hjá bankanum sem fela í sér þá skuldbindingu bankans að hann muni greiða viðkomandi innstæðu út í reiðufé sé eftir því óskað.

Komi til þess að margir viðskiptavinir krefjist þess að fá innstæður sínar greiddar út getur banki neyðst til þess að selja tilteknar eignir og skipta þeim yfir í reiðufé til að standa straum af því. Þetta er nokkuð sem er sérstaklega líklegt í fjármálahruni eða þegar óvissa skapast um getu banka til að standa við skuldbindingar sínar. Til þess að draga úr áhrifum slíkra atvika og auka traust þeirra sem eiga innstæður í bönkum á öryggi þeirra eigna sinna, hefur víðast hvar verið komið upp kerfi sem er ætlað að tryggja innstæður, svokölluðu innstæðutryggingakerfi. Auk þess eru fyrir hendi ýmis tæki til þess að bjarga innstæðum í fjármálahruni, til með dæmis með beitingu slitastjórnarvalds.

Grundvallarforsenda þess að hægt sé að bjarga innstæðum við fall banka eins og gert var hér á landi haustið 2008, er að kröfum vegna innstæðna hafi verið veittur forgangur að eignum banka við slitameðferð, sbr. lög nr. 125/2008 sem kölluð voru neyðarlög. Kom þá vel í ljós hversu mikilvægur þáttur þetta er í því að tryggja ótruflaða starfsemi þess hluta fjármálakerfisins sem er þjóðfélaginu beinlínis lífnauðsynlegur dag frá degi. Þrátt fyrir að tekist hafi að bjarga öllum innlendum innstæðum án þess að leggja þyrfti krónu til úr innstæðutryggingakerfinu, kom engu að síður einnig í ljós að því leyti sem varðaði innstæður í erlendum útibúum bankanna hversu afdrifaríkt það getur verið þegar eignir banka verða óaðgengilegar og duga ekki til að tryggja innstæður.

Meðal þess sem kveðið er á um í því frumvarpi sem hér um ræðir eru breytingar á skilgreiningum þeirra fjármálagjörninga sem falla undir heimildir til notkunar þeirra sem trygginga í viðskiptum milli fjármálafyrirtækja á borð við þau sem hér hefur verið lýst. Einkum er þar um að ræða 2. gr. c. frumvarpsins sem að óbreyttu myndi leyfa fjármálafyrirtækjum að setja fasteignalán neytenda að veði fyrir eigin lántöku og aukinni áhættu. Með slíkri veðsetningu yrði hægt að sniðganga forgang krafna vegna innstæðna sem komið var á með neyðarlögunum svokölluðu nr. 125/2008.

Þannig gæti skapast raunveruleg hættu á því að ef síðar reyni á innstæðutryggingu vegna falls fjármálafyrirtækis, þá geti komið í ljós að allar tryggustu eignir þess hafi verið veðsettar öðrum kröfuhöfum og ekkert verði til skiptanna upp í kröfur vegna innstæðna. Í ljósi þeirrar harðfengnu reynslu sem Íslendingum hefur hlotnast á undanförunum árum vegna vandamála í tengslum við innstæðutryggingar, er það með öllu óskiljanlegt að nú skuli vera lagt fram frumvarp sem er til þess fallið að grafa undan innstæðutryggingaúrræðum og auka þannig áhættu almennings.

Engin sjáanleg rök eru fyrir því að undanskilja ekki fasteignaveðlán líkt og önnur neytendalán frá heimildum samkvæmt frumvarpinu. Eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu er EES-ríkjum heimilt að fella fasteignalán undir skilgreiningu neytendalána líkt og gert hefur verið hér á landi, og er jafnframt heimilt að undanskilja neytendalán (þ.m.t. fasteignalán neytenda hér á landi) frá heimildum til veðsetningar samkvæmt tilskipun 2009/44/EB sem frumvarp þetta á að innleiða.


Hagsmunasamtök heimilanna leggjast alfarið gegn því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt þar sem það gæti stofnað fjármálastöðugleika og þjóðarhagsmunum í verulega hættu. Afar mikilvægt er að sú breyting verði gerð á frumvarpinu að öll neytendalán verði undanskilin þeirri skilgreiningu á *skuldakröfum* sem 2. gr. c. sbr. 3. gr. þess kveða á um að heimilt yrði að setja að veði.

- o -

Virðingarfyllst, f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is